

## HAGAR HF: UPPGJÖR HAGA Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI 2026/27

### Sterkur rekstur í byrjun árs þar sem starfsemi allra rekstrareininga gengur vel

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2026/27 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 30. júní 2026. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2026. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

#### Helstu lykiltölur

- **Vörusala** 1F nam 50.785 m.kr. (5,5% vöxtur frá 1F 2025/26). [1F 2025/26: 48.115 m.kr.]
- **Framlegð** 1F nam 13.281 m.kr. (26,2%). [1F 2025/26: 11.619 m.kr. (24,1%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 1F nam 5.136 m.kr. eða 10,1% af veltu. [1F 2025/26: 4.046 m.kr. (8,4%)]
- **Hagnaður** 1F nam 1.917 m.kr. eða 3,8% af veltu. [1F 2025/26: 1.165 m.kr. (2,4%)]
- **Heildarafkoma** 1F nam 2.011 m.kr. [1F 2025/26: 1.189 m.kr.]
- **Grunnhagnaður á hlut** 1F var 1,77 kr. [1F 2025/26: 1,06 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 1F var 1,76 kr. [1F 2025/26: 1,05 kr.]
- **Eigið fé** nam 44.741 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 37,7%. [Árslok 2025/26: 42.779 m.kr. og 37,1%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2026/27 gerir ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu 18.800-19.300 m.kr.

#### Helstu fréttir af starfsemi

- **Sterk byrjun á rekstrarárinu** þar sem bættur rekstur hjá Olís er að miklu leyti **afleiðing tímabundinna áhrifa á afkomu viðskipta við stórnotendur vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs olíu** - afkoma verslana og vöruhúsa á Íslandi styrkist einnig nokkuð milli ára.
- **Heimsóknum viðskiptavina** í dagvöruverslanir (á Íslandi) fjölgaði um 1,3% og **seldum stykkjum** um 2,0% - **vöxtur máimánaðar var hóflegur** í samanburði við fyrra ár en júní sýnir umtalsvert meiri vöxt en 1F.
- **Seldum eldsneytislítrum fækkaði** um 3,7% á fyrsta ársfjórðungi þar sem samdráttur var bæði á smásölu- og fyrirtækjasviði - **mælingar Vegagerðarinnar á tímabilinu sýna fækkun í eignum kílómetrum**.
- **Góður rekstur hjá SMS í Færeyjum þar sem viðskiptavinum fjölgar** um 1,0% - afkoma dregst lítillega saman milli ára, að mestu vegna **einskiptisáhrifa í tengslum við truflanir á skipasendingum**.
- **Nýtt innkaupsamstarf Haga og Salling Group skilaði yfir 350 nýjum vörum** í hillur verslana Bónus og Hagkaups á 1F - **læggra verð og aukið úrval fyrir viðskiptavinum**.
- Þrátt fyrir að **afkoma á 1F sé umfram áætlanir er afkomuspá stjórnenda ekki hækkuð að svo stöddu** - óvissa er um þróun heimsmarkaðsverðs olíu og **afkomubati Olís gengur að hluta til baka samhliða lækkun á heimsmarkaðsverði**.

## Finnur Oddsson, forstjóri:

Rekstur Haga á fyrstu mánuðum rekstrarársins 2026/27 fór vel af stað, en litast af áhrifum stríðsátaka í Mið-Austurlöndum. Vörusala nam 50,8 ma. kr. og jókst um 5,5% frá fyrra ári. EBITDA nam 5,1 ma. kr. og hagnaður tímabilsins nam 1,9 ma. kr., sem er umtalsverð aukning milli ára. Starfsemi gekk vel á öllum sviðum samstæðunnar en afkoma tímabilsins litast af óvenjulegum aðstæðum á olíumörkuðum.

Starfsemi verslana og vöruhúsa á Íslandi gekk vel á fjórðungnum, en tekjur jukust um 6,4% og námu 35,7 ma. kr. Heimsóknum í verslanir og seldum stykkjum fjölgaði heilt yfir og ánægjulegt er að sjá hvernig nýjar vörur frá Salling Group eru þegar farnar að skila sér til viðskiptavina í formi aukins vöruúrvals, enn betri gæða og lægra verðs. Í lok fjórðungs voru um 350 nýjar vörur frá Salling Group komnar í hillur verslana Bónus og Hagkaups, en þeim hefur svo fjölgað í tæplega 500 nú í upphafi annars fjórðungs. Umræddar vörur frá Salling koma almennt inn á lægra verði en sambærilegar vörur sem bjóðast hérlendis. Salling-samstarfið styður þannig við markmið Bónus um að bjóða upp á hagkvæmstu vörukörfuna um allt land, en um helmingur vöruvals í verslunum Bónus hefur lækkað í verði eða staðið í stað frá sama tíma í fyrra. Verslun Bónus á Selfossi var stækkuð og endurbætt með áherslu á betri verslunarupplifun, auk þess sem tilkynnt var um fyrirhugaða opnun í Þorlákshöfn.

Hagkaup gekk vel, en fjölbreytt vöruúrval, stöðugar nýjungar, skemmtilegir viðburðir og aukin stafræn þjónusta mælast sem fyrr vel fyrir hjá viðskiptavinum. Tekjur og afkoma Aðfanga og Banana endurspeglar áfram styrkingu í rekstri dagvöruverslana. Rekstur Zara, Eldum rétt og Stórkaups var heldur umfram áætlanir og fyrra ár, en tekjur Stórkaups vaxa áfram hratt, eða um yfir 20% milli ára.

Afkoma Olís var mjög sterk á fjórðungnum þrátt fyrir að seldum eldsneytislítrum hafi heldur fækkað milli ára, en tekjur starfspáttarins jukust um 2,1% og námu 11,6 ma.kr. Bætt afkoma skýrist að mestu af afar óvenjulegum aðstæðum á olíumarkaði frá því í byrjun mars, þar sem hröð og mikil hækkun heimsmarkaðsverðs á eldsneyti hafði þau áhrif að afkoma af sölu til stórnotenda jókst mikið, vegna eðlis samninga. Þessi áhrif eru þó tímabundin og snúast að einhverju leyti við þegar heimsmarkaðsverð lækkar, líkt og þegar er farið að raungerast á öðrum ársfjórðungi. Afkoma af sölu eldsneytis í smásölu dregst heldur saman milli ára vegna lækkaðrar framlegðar á fjórðungnum og færri ekinna kílómetra. Í lok tímabils var kostnaðarverð hluta eldsneytisbirgða Olís hærra en áætlað söluverð og voru birgðir því færðar niður á fyrsta fjórðungi. Að öðru leyti er rekstur Olís í samræmi við áætlanir og áfram stígandi í sölu á þjónustu og vörum öðrum en eldsneyti, m.a. þurrvöru og veitingum, auk bílaþvotta hjá Glans.

Starfsemi SMS í Færeyjum gekk almennt vel á fjórðungnum og heimsóknum viðskiptavina fjölgaði. Afkoma var þó lítillega lakari en á sama tíma í fyrra, einkum vegna einskis tekjutaps í kjölfar truflana á vöruflutningum og aukinnar rýrnunar.

Rekstur Haga á fyrsta fjórðungi rekstrarársins var umfram áætlanir vegna sterkrar afkomu Olís. Veruleg óvissa er um þróun á heimsmarkaði með olíu en olíuverð hefur farið lækkandi í byrjun annars ársfjórðungs. Því má gera ráð fyrir að jákvæð áhrif á afkomu Olís á fyrsta ársfjórðungi, vegna viðskipta við stórnotendur, munu að hluta ganga til baka en óljóst er hversu mikið og hversu hratt. Af þeim sökum er afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2026/27 ekki hækkuð að svo stöddu.

Hagar munu sem fyrr skipa sér í varnarlínu gegn hækkun aðfanga og matvöruverðbólgu, þar sem mikilvægustu verkfærin tengjast innkaupum og aukinni skilvirkni í rekstri. Innkaupasamstarf við Salling Group styður við þessar áherslur, sem og frábært starfsfólk samstæðunnar sem leggur sig fram á hverjum degi við að gera verslun bæði hagkvæma og skemmtilega. Rekstur allra helstu eininga gengur vel, fjárhagsstaða félagsins er sterk og horfur í rekstri góðar.

## Rekstrarreikningur samstæðunnar og starfsþáttayfirlit

í millj. kr.	1F 2026/27	1F 2025/26	Breyting	Breyting %
	01.03.-31.05	01.03.-31.05		
Vörusala	50.785	48.115	2.670	5,5%
Kostnaðarverð seldra vara	(37.504)	(36.496)	(1.008)	2,8%
<b>Framlegð</b>	<b>13.281</b>	<b>11.619</b>	<b>1.662</b>	<b>14,3%</b>
<b>Framlegð %</b>	<b>26,2%</b>	<b>24,1%</b>	-	<b>2,0%</b>
Aðrar rekstrartekjur	320	318	2	0,6%
Laun og launatengd gjöld	(5.776)	(5.327)	(449)	8,4%
Annar rekstrarkostnaður	(2.689)	(2.564)	(125)	4,9%
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	<b>5.136</b>	<b>4.046</b>	<b>1.090</b>	<b>26,9%</b>
<b>EBITDA %</b>	<b>10,1%</b>	<b>8,4%</b>	-	<b>1,7%</b>
Afskriftir	(1.797)	(1.458)	(339)	23,3%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	(67)	(173)	106	-61,3%
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b>	<b>3.272</b>	<b>2.415</b>	<b>857</b>	<b>35,5%</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(920)	(959)	39	-4,1%
Áhrif hlutdeildarféлага	56	32	24	75,0%
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>2.408</b>	<b>1.488</b>	<b>920</b>	<b>61,8%</b>
Tekjuskattur	(491)	(323)	(168)	52,0%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>1.917</b>	<b>1.165</b>	<b>752</b>	<b>64,5%</b>
Önnur heildarafkoma samtals	94	24	70	291,7%
<b>Heildarafkoma samtals</b>	<b>2.011</b>	<b>1.189</b>	<b>822</b>	<b>69,1%</b>

### Rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2026/27

Vörusala á 1F nam 50.785 m.kr. og jókst um 5,5% milli ára. Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 6,4% og í Færeyjum 7,9%. Söluaukning hjá Olís nam 2,1% en afnám olúgjalda um áramót dregur að öðru óbreyttu úr tekjuaukningu.

Á 1F fjölgaði heimsóknum viðskiptavina í dagvöruverslunum (á Íslandi) um 1,3% milli ára og seldum stykkjum fjölgaði um 2,0%. Seldum eldsneytislítrum fækkaði um 3,7% á fjórðungnum; minnkun bæði í smásölu og á fyrirtækjasviði. Heimsóknum viðskiptavina í Færeyjum fjölgaði um tæpt 1,0%.

Framlegð á 1F nam 13.281 m.kr. og jókst um 14,3% milli ára. Framlegðarhlutfall nam 26,2% og hækkaði um 2,0%-stig milli ára. Framlegð jókst töluvert hjá Olís á fjórðungnum vegna hærra heimsmarkaðsverðs á olíu en vegna eðlis samninga við stórnotendur má gera ráð fyrir að áhrifin séu tímabundin að hluta og ganga til baka að einhverju leyti á 2F með lækandi heimsmarkaðsverði á olíu.

Laun hækka um 8,4% milli ára og annar rekstrarkostnaður um 4,9%. Launa- og kostnaðarhlutfall fer úr 16,4% í 16,7%.

EBITDA 1F nam 5.136 m.kr. og hækkaði um 26,9% milli ára. EBITDA jókst um 14,8% hjá verslunum og vöruhúsum á Íslandi og um 93,4% hjá starfsþætti Olís. EBITDA starfsþáttar SMS í Færeyjum dróst saman um 10,8% milli tímabila.

Afskriftir voru 1.797 m.kr. og jókst um 23,3% milli ára. Matsbreyting fjárfestingarfasteigna var neikvæð um 67 m.kr., en þar af voru 108 m.kr. vegna fasteigna í rekstrarleigu hjá SMS en bókfært verð þeirra nemur 4.048 m.kr. í lok tímabils. Gangvirðisbreyting þeirra er færð í gegnum rekstur út líftíma leigusamninganna.

Hagnaður 1F nam 1.917 m.kr. í samanburði við 1.165 m.kr. á fyrra ári. Heildarafkoma nam 2.011 m.kr. en endurmat fasteigna, sem fært er beint á eigið fé, nam 112 m.kr. og þýðingarmunur var neikvæður um 18 m.kr. Á fyrra ári nam heildarafkoma 1.189 m.kr. þar sem endurmat fasteigna nam 69 m.kr. og neikvæður þýðingarmunur nam 45 m.kr.

## Starfspáttayfirlit samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi 2026/27

Samstæða Haga samanstendur af þremur starfspáttum. Þeir eru verslanir og vöruhús á Íslandi, verslanir og vöruhús í Færeyjum og starfsemi Olís.

1F 2026/27 í millj. kr.	Verslanir & vöruhús Ísland		Verslanir & vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	35.536	11.571	3.898	(220)		50.785
Aðrar rekstrartekjur	206	27	168	(81)		320
<b>Heildartekjur starfspáttá</b>	<b>35.742</b>	<b>11.598</b>	<b>4.066</b>	<b>(301)</b>		<b>51.105</b>
Heildarrestrargjöld starfspáttá	(32.620)	(10.055)	(3.595)	301		(45.969)
<b>EBITDA starfspáttá</b>	<b>3.122</b>	<b>1.543</b>	<b>471</b>	<b>--</b>		<b>5.136</b>
Afskriftir starfspáttá	(1.166)	(439)	(192)	--		(1.797)
Matsbreyting starfspáttá	34	7	(108)	--		(67)
Áhrif hlutdeildarféлага	34	22	--	--		56
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b>	<b>2.024</b>	<b>1.133</b>	<b>171</b>	<b>--</b>		<b>3.328</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(746)	(91)	(83)	--		(920)
Tekjuskattur						(491)
<b>Hagnaður ársins</b>						<b>1.917</b>

1F 2025/26 í millj. kr.	Verslanir & vöruhús Ísland		Verslanir & vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	33.405	11.328	3.614	(232)		48.115
Aðrar rekstrartekjur	190	27	176	(75)		318
<b>Heildartekjur starfspáttá</b>	<b>33.595</b>	<b>11.355</b>	<b>3.790</b>	<b>(307)</b>		<b>48.433</b>
Heildarrestrargjöld starfspáttá	(30.875)	(10.557)	(3.262)	307		(44.387)
<b>EBITDA starfspáttá</b>	<b>2.720</b>	<b>798</b>	<b>528</b>	<b>--</b>		<b>4.046</b>
Afskriftir starfspáttá	(994)	(285)	(179)	--		(1.458)
Matsbreyting starfspáttá	2	(9)	(166)	--		(173)
Áhrif hlutdeildarféлага	(11)	43	--	--		32
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b>	<b>1.717</b>	<b>547</b>	<b>183</b>	<b>--</b>		<b>2.447</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(664)	(185)	(110)	--		(959)
Tekjuskattur						(323)
<b>Hagnaður ársins</b>						<b>1.165</b>

Breyting 1F milli ára %	Verslanir & vöruhús Ísland		Verslanir & vöruhús Færeyjar		Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	6,4%	2,1%	7,9%	-5,2%		5,5%
Aðrar rekstrartekjur	8,4%	0,0%	-4,5%	8,0%		0,6%
<b>Heildartekjur starfspáttá</b>	<b>6,4%</b>	<b>2,1%</b>	<b>7,3%</b>	<b>-2,0%</b>		<b>5,5%</b>
Heildarrestrargjöld starfspáttá	5,7%	-4,8%	10,2%	-2,0%		3,6%
<b>EBITDA starfspáttá</b>	<b>14,8%</b>	<b>93,4%</b>	<b>-10,8%</b>	<b>--</b>		<b>26,9%</b>
Afskriftir starfspáttá	17,3%	54,0%	7,3%	--		23,3%
Matsbreyting starfspáttá	1600,0%	-177,8%	-34,9%	--		-61,3%
Áhrif hlutdeildarféлага	-409,1%	-48,8%	--	--		75,0%
<b>Rekstrarafkoma starfspáttá</b>	<b>17,9%</b>	<b>107,1%</b>	<b>-6,6%</b>	<b>--</b>		<b>36,0%</b>
Hrein fjármagnsgjöld	12,3%	-50,8%	-24,5%	--		-4,1%
Tekjuskattur						52,0%
<b>Hagnaður ársins</b>						<b>64,5%</b>

Starfsemi verslana og vöruhúsa, bæði á Íslandi og í Færeyjum, er að stærstum hluta í smásölurekstri dagvöru. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist, auk sölu skyndibita og ýmissa nauðsynjavara. Olís rekur þjónustustöðvar víðsvegar um landið undir vörumerki Olís en rekur auk þess fjöldann allan af ÓB sjálfsafgreiðslustöðvum og nokkrar snertilausar bílaþvottastöðvar undir heitinu Glans.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa á Íslandi felur í sér starfsemi Bónus, Hagkaups, Aðfanga, Banana, Stórkaups, Noron og Eldum rétt. Starfsemi Haga Wine B.V. í Hollandi fellur einnig hér undir en vegna smæðar starfseminnar og einkenna hennar er ekki um sérstakan starfspátt að ræða, þrátt fyrir annað landsvæði.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa í Færeyjum inniheldur alla starfsemi SMS samstæðunnar sem einkum samanstendur af rekstri dagvöruverslana Bónus, Miklagarður og Mylnan en einnig rekstri veitingastaða, sérvöruverslana, kjötvinnslu, brauð- og kökugerðar sem og rekstri fasteigna.

## Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	31.05.2026	28.02.2026	Breyting	Breyting %
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir	90.122	90.381	(259)	-0,3%
Veltufjármunir	28.421	24.865	3.556	14,3%
<b>Eignir samtals</b>	<b>118.543</b>	<b>115.246</b>	<b>3.297</b>	<b>2,9%</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Hlutafé	1.089	1.089	--	0,0%
Annað eigið fé	43.702	41.718	1.984	4,8%
<b>Eigið fé hluthafa móðurfélags</b>	<b>44.791</b>	<b>42.807</b>	<b>1.984</b>	<b>4,6%</b>
Hlutdeild minnihluta	(50)	(28)	(22)	78,6%
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>44.741</b>	<b>42.779</b>	<b>1.962</b>	<b>4,6%</b>
Langtímaskuldir	39.485	39.291	194	0,5%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	9.482	9.040	442	4,9%
Aðrar skammtímaskuldir	24.835	24.136	699	2,9%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>73.802</b>	<b>72.467</b>	<b>1.335</b>	<b>1,8%</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>118.543</b>	<b>115.246</b>	<b>3.297</b>	<b>2,9%</b>

### Lykiltölur efnahags 31.05.2026

- Heildareignir samstæðunnar í lok ársfjórðungs námu 118.543 m.kr. og hækkuðu um 3.297 m.kr. frá árslokum 2025/26 eða um 2,9%.
- Fastafjármunir námu 90.122 m.kr. og lækkuðu um 259 m.kr. frá árslokum 2025/26.
- Veltufjármunir námu 28.421 m.kr. og hækkuðu um 3.556 m.kr. frá árslokum 2025/26 en hækkun eldsneytisbirgða á fjórðungnum skýrir þá breytingu að lang mestu leyti.
- Vörubirgðir námu 17.235 m.kr. í lok tímabils og hækkuðu um 2.842 m.kr. frá lokum síðasta rekstrarárs og eru 3.655 m.kr. hærrí í samanburði við lok maí 2025. Hækkun birgða má að mestu rekja til herra birgðaverðmætis á eldsneyti þar sem verð pr. líter hefur hækkað mikið og hratt á stuttum tíma en magn á lager í lítrum talið er einnig nokkuð herra en í lok síðasta rekstrarárs og lok sama tímabils í fyrra. Í lok tímabils var færð niðurfærsla birgða að fjárhæð 308 m.kr. vegna eldsneytis, þar sem söluverðmæti ákveðinna eldsneytisflokka er áætlað lægra en kostnaðarverðmæti þeirra. Veltuhraði birgða í lok maí var 9,7 til samanburðar við 10,7 á fyrra ári og 10,4 í árslok 2025/26. Innheimtutími viðskiptakrafna var 11,3 dagar til samanburðar við 11,6 daga á fyrra ári, en innheimtutími var 9,6 dagar í lok árs 2025/26.
- Veltufjárhlutfall nam 0,83 í lok maí, í samanburði við 0,85 í fyrra. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 3,0 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður, auk þess sem félagið fjármagnar sig til skamms tíma með útgáfu víxla.
- Eigið fé í lok tímabils nam 44.741 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 37,7%. Eiginfjárhlutfall var 37,1% í árslok 2025/26. Arðsemi eigin fjár var 20,5% til samanburðar við 25,3% í fyrra. Félagið átti eigin bréf að nafnverði 17,8 milljónir í lok tímabils.
- Heildarskuldir í lok 1F námu 73.802 m.kr. og hækkuðu um 1.335 m.kr. frá lokum síðasta árs.
- Vaxtaberandi skuldir námu 23.763 m.kr. og leiguskuldir 24.693 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 45.384 m.kr. eða 2,4 x 12 mánaða EBITDA. Skuldahlutfall á sama tíma á fyrra ári var 2,3 x 12 mánaða EBITDA.
- Vaxtaberandi skammtímaskuldir námu 9.482 m.kr. en þar af námu víxilskuldir 1.640 m.kr. og skammtímafjármögnun í dönskum krónum vegna kaupa félagsins á SMS nam 3.838 m.kr. Skuldabréfaflokkur HAGA120926 1 að fjárhæð 3.000 m.kr. er einnig á gjalddaga á 3. ársfjórðungi.

## Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	1F 2026/27	1F 2025/26	Breyting	Breyting %
	01.03.-31.05	01.03.-31.05		
Handbært fé frá rekstri	635	5.401	(4.766)	-88,2%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.366)	(1.291)	(75)	5,8%
Fjármögnunarhreyfingar	(71)	(527)	456	-86,5%
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>	<b>(802)</b>	<b>3.583</b>	<b>(4.385)</b>	<b>-122,4%</b>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1)	(6)	5	-83,3%
Handbært fé í byrjun tímabils	3.875	2.299	1.576	68,6%
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>3.072</b>	<b>5.876</b>	<b>(2.804)</b>	<b>-47,7%</b>

### Sjóðstreymi fyrstu þrjá mánuði rekstrarársins 2026/27

- Handbært fé frá rekstri nam 635 m.kr. á fjórðungnum, samanborið við 5.401 m.kr. á fyrra ári. Neikvæður samanburður milli ára skýrist einkum af tímabundnum breytingum á veltufjármunum. Hærri birgðastaða eldsneytis og auknar viðskiptakröfur vógu á móti sterkri rekstrarafkomu en á sama tíma var jákvæð breyting veltufjármuna á fyrsta fjórðungi fyrra árs, vegna tímabundinna hærri viðskiptaskulda.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins námu 1.366 m.kr., samanborið við 1.291 m.kr. á fyrra ári. Stærstu fjárfestingar fjórðungsins eru vegna Álfabakka 2 og stækkunar Bónusverslunar á Selfossi.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 71 m.kr., samanborið við 527 m.kr. á fyrra ári.
- Handbært fé lækkaði um 803 m.kr. á tímabilinu, að teknu tilliti til áhrifa gengisbreytinga, og nam 3.072 m.kr. í lok tímabils, samanborið við 5.876 m.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs á fyrra ári.

### Staðan og framtíðarhorfur

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi var sterkur þar sem starfsemi gekk vel á öllum sviðum samstæðunnar. Afkoma var þó sérstaklega sterk hjá starfspætti Olís, þar sem bættu afkomu má að stóru leyti rekja til tímabundinna áhrifa af mikilli hækkun heimsmarkaðsverðs á olíu frá því í byrjun mars. Niðurstaða fjórðungsins var því töluvert umfram áætlanir. Þrátt fyrir sterka afkomu fyrsta ársfjórðungs er afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2026/27 ekki hækkuð að svo stöddu. Veruleg óvissa ríkir á heimsmarkaði með olíu en líklegt er að jákvæð áhrif á afkomu á 1F gangi að hluta til baka á 2F með lækkandi olíuverði. Til að bregðast við háu olíuverði lækkuðu stjórnvöld VSK á eldsneyti tímabundið úr 24% í 11% á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2026/27 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 18.800-19.300 m.kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 3,0 ma. kr. er tryggður en einnig hefur félagið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Í framhaldi af samþykkt aðalfundar Haga í maí sl. á heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum félagsins hyggst stjórn Haga setja í gang endurkaupaáætlun á næstu dögum. Nánar verður tilkynnt um tímasetningu og fyrirkomulag endurkaupa í samræmi við tilkynningarskyldu félagsins.

Rekstur allra helstu eininga samstæðu Haga gengur vel og horfur í rekstri eru góðar.

## Um Haga

Hagar er leiðandi verslunarfyrtæki með fjölbreytta starfsemi á Íslandi, í Færeyjum og í Hollandi, einkum á dagvöru- og eldsneytismarkaði. Á Íslandi starfrækja Hagar 40 dagvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 45 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga á Íslandi er á sviði dagvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Í Færeyjum starfrækja Hagar verslunarfélagið SMS sem er leiðandi á færeyska markaðinum en SMS rekur m.a. 13 dagvöruverslanir, sjö veitingastaði og fjórar sérvöruverslanir. Í Hollandi starfrækja Hagar eina netverslun með áfengi.

## Hlutafé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 139,4 ma. kr. og lokaverð þann 31. maí 2026 var 126,0 kr./hlut.
- Skráð hlutafé Haga í lok tímabilsins nam 1.106 m.kr. Félagið átti 17,8 milljón eigin hluti í lok tímabils og er útistandandi hlutafé því 1.089 m.kr.
- Þann 21. maí 2026 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50,0% af hagnaði síðasta reikningsárs eftir skatta, án áhrifa matsbreytinga og hlutdeildarféлага, eða samtals 3.300 m.kr. Arðgreiðslan nam því 3,03 kr. á hlut útistandandi hlutafjár. Arðurinn var greiddur þann 2. júní 2026.
- Hluthafar voru 1.066 í byrjun tímabils og 1.095 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 74,2% eignarhlut í félaginu í lok fyrsta ársfjórðungs.

## Rafrænn kynningarfundur miðvikudaginn 1. júlí 2026

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn miðvikudaginn 1. júlí kl. 08:30, þar sem Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, munu kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á meðan útsendingu stendur á netfangið [fjarfestakynning@hagar.is](mailto:fjarfestakynning@hagar.is) og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Fundinum verður streymt og er skráning á fundinn hér: <https://www.hagar.is/skraning>.

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, [www.hagar.is](http://www.hagar.is), við upphaf fundar.

## Fjárhagsdagatal 2026/27

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
2F – 1. mars til 31. ágúst	Fimmtudagur	15. október 2026
3F – 1. mars til 30. nóvember	Fimmtudagur	14. janúar 2027
4F stjórnendauppgjör – 1. mars til 28. feb	Fimmtudagur	15. apríl 2027
4F ársreikningur – 1. mars til 28. feb	Fimmtudagur	29. apríl 2027
Aðalfundur 2027	Miðvikudagur	26. maí 2027

Gögn vegna fjárfestakynningar verða aðgengileg á ensku þann 3. júlí á <https://www.hagar.is/en/>

*Presentation materials will be available in English on 3 July at <https://www.hagar.is/en/>*

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins ([fo@hagar.is](mailto:fo@hagar.is)), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs ([geg@hagar.is](mailto:geg@hagar.is)), í síma 530-5500 eða tölvupósti.